

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/29/24

nr. 57/2015

frá 20. mars 2015

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012 frá 14. desember 2012 um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5cu. **32012 R 1203**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012 frá 14. desember 2012 um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1203/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.